

Samantekt um bráðamengun árið 2022



Samantekt um bráðamengun árið 2022

September 2024

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2024:11

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Skammstafanir	5
3. Tilkynningar um bráðamengun og atburði	6
3.1 Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi	6
3.2 Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða	6
3.3 Tilkynningar um bráðamengun / atvik utan hafnarsvæða	9
3.4 Tilkynningar um strand skipa /báta	10
3.6 Olíuleki frá El Grillo	11
4. Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet	11
5. Æfingar og þjálfun	11
6. Innlent og erlent samstarf	12
6.1 Mengunarvarnaráð hafna	12
6.2 Kaupmannahafnarsamkomulagið	13
6.3 EPPR / MOSPA	13

1. Inngangur

Samantekt þessi yfir bráðamengun á árinu 2022 er unnin í samræmi við 26. gr. reglugerðar nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda en samkvæmt henni skal Umhverfisstofnun fyrir 15. september ár hvert taka saman og birta opinberlega upplýsingar um bráðamengun næstliðins árs. Í samantektinni skal einnig greint frá eftirliti, æfingum og samstarfi við mengunarvarnaráð hafna, hafnir og stofnanir.

Skylt er samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda að tilkynna um bráðamengun en það fer eftir staðsetningu atviksins til hvaða aðila tilkynna skal um mengunina. Ef um er að ræða bráðamengun innan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til viðkomandi hafnarstjóra sem ber ábyrgð á að gripið sé til viðeigandi bráðaaðgerða til að hefta útbreiðslu og koma í veg fyrir frekara tjón vegna mengunarinnar. Hafnarstjóra ber að tilkynna Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefnd um bráðamengun strax og vart verður við hana. Ef bráðamengun verður utan hafnarsvæða skal tilkynna um hana til vaktstöðvar siglinga sem kallar til vakthafandi aðila innan Umhverfisstofnunar, enda ber stofnunin ábyrgð á að gera viðeigandi ráðstafanir vegna mengunarinnar. Ef um er að ræða mengunaróhapp á landi skal tilkynna það til viðkomandi slökkviliðs. Nánari upplýsingar um tilkynningar vegna bráðamengunar og viðbrögð við bráðamengun er að finna í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

Hér á eftir eru teknar saman upplýsingar um tilkynningar um bráðamengun og atburði innan hafnarsvæða sem Umhverfisstofnun bárust árið 2022 og upplýsingar um bráðamengun eða atburði utan hafnarsvæða sem tilkynnt var um til Umhverfisstofnunar. Ekki er fjallað um mengunaróhöpp á landi sem skylt er að tilkynna til viðkomandi slökkviliðs, nema Umhverfisstofnun hafi einnig borist tilkynning um óhappið.

2. Skammstafanir

Hér á eftir er yfirlit um helstu skammstafanir sem notaðar eru í þessari samantekt:

EMSA - Siglingaöryggisstofnun Evrópu

EPPR - Vinnuhópur Norðurskautsráðsins um varnir, viðbúnað og viðbrögð við umhverfisvá

HAUST - Heilbrigðiseftirlit Austurlands

HEF - Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

HES - Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HEV - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

HNE - Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

LHG - Landhelgisgæsla Íslands

ODR - Olíudreifing

3. Tilkynningar um bráðamengun og atburði

3.1 Tilkynningar um mengunaróhöpp á landi

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
17. janúar	Suðureyri	Um 5 L af hráolíu láku út í tjörn á Suðureyri frá Orkubúi Vestfjarða vegna sprungu í gleri á olíusíu.	Tilkynnt var um atvikið til slökkviliðs Ísafjarðarbæjar sem sá um hreinsunar- aðgerðir.

3.2 Tilkynningar um bráðamengun innan hafnarsvæða

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
9. janúar	Neskaupstaður	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um grút í sjónum vegna starfsemi Síldarvinnslunnar.	Umhverfisstofnun hefur samband við rekstraraðila Síldarvinnslunnar og við hafnaryfirvöld. Höfnin girti svæðið af og setti út íssogspylsur.
29. janúar	Reynisfjara	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um olíublautan fugl í Reynisfjöru.	Ábendingin barst ekki strax til starfsmanna í bráðamengunarteymi. Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
28. feb.	Kópavogur	Opinn trébátur sökk í Kópavogshöfn. Lítils háttar olíumengun frá bátnum.	HEF, lögreglu og slökkviliði gert viðvart. Settar út íssogspylsur í höfnina.
4. mars	Suðureyri	Um 8-10.000 L af olíu láku frá varaafstöð Orkubús Vestfjarða og barst olía í tjörn og þaðan í smábátahöfnina. Einnig varð vart við olíumengun í fjörum utan smábátahafnar og olíublautir fuglar fundust.	Hafnaryfirvöld með ábyrgð á aðgerðum skv. lögum en óskað var eftir að Umhverfisstofnun myndi taka við stjórn aðgerða vegna olíumengunar í smábátahöfn og jafnframt veita aðstoð við eftirlit vegna jarðvegmengunar. Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru á

			vettvang til að stýra aðgerðum.
6. mars	Raufarhöfn	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um mengun frá olíuúrgangstanki á Raufarhöfn og að jarðvegurinn væri orðinn olíusmitaður.	Umhverfisstofnun hafði samband við hafnaryfirvöld. Upplýsingar bárust þess efnis að um umgengnis-mál væri að ræða en ekki leka frá tanki. Einnig að til stæði að setja upp nýjan tank og fara í jarðvegs-skipti um vorið.
9. apríl	Akureyri	Ábending barst til Umhverfisstofnunar um mengun í sjó vegna starfsemi Slippsins á Akureyri.	Ábendingin var áframsend til HNE sem veitir starfsleyfi fyrir starfseminni.
11. apríl	Sandgerði	Skipið Siggí Bjarna var við það að sökkva við viðlegukant á miðbryggju í Sandgerðishöfn.	Dælt úr skipinu í höfnina, áætlað að um 20-40 L af olíu hafi farið í höfnina. Sett út flotgirðing framan við skipið og ísogspylsa við bryggjuenda þar sem olía hafði safnast fyrir. Notast við dreifiefni til að hreinsa olíuna.
20. apríl	Njarðvík	Olíubrák við grjótvörn í vesturenda Keflavíkurhafnar.	Hafnarstarfsmaður varð var við talsverða olíumengun í Njarðvíkurhöfn. Vélstjóri báts viðurkenndi að hafa lensað olíuúrgang úr kjölsogi í sjóinn. Haft samband við lögreglu og HES.
28. apríl	Reykjavík	Olía fór í sjóinn við Skarfabakka við dælingu á olíu úr Ægi yfir í varðskipið Þór. Óvíst með magn.	Olía hreinsuð upp með búnaði úr Þór.
5. júní	Raufarhöfn	Umhverfisstofnun barst ítrekun á ábendingu frá 6. mars um leka frá olútanki við höfnina. Vakin athygli á að ástandið væri óbreytt.	Hafnaryfirvöld ítrekuðu að enginn leki væri frá olútankinum en þó einhver olía í jarðvegi. Ekki væri búið að fara í úrbætur en þær væru í undirbúningi.

15. júní	Akranes	Umhverfisstofnun barst frá HEV ábending um mengun frá trébátnum Höfrungi.	Umhverfisstofnun hafði samband við hafnar-yfirvöld sem bentu á að báturinn væri á landi, nálægt slippnum, en skoðuðu þó aðstæður. Enga mengun að sjá, hvorki á sjó né landi.
29. júní	Vestmannaeyjar	Vegna mistaka við dælingu á olíu í skip fóru um 40-60 L af dísilolíu í höfnina.	Hafnarstarfsmenn fóru út með lóðsinn til að hræra í flekknum. Fylgst með afdrifum hans.
30. júní	Stykkishólmur	Olíulykt fannst sem leiddi til þess að það uppgötvaðist leki frá búnaði í eigu Olís sem tengdist tönkum á olúbryggju við Stykkið.	Lokað var fyrir leiðslur frá tönkum að dælum. Slökkvilið greip til hreinsunaraðgerða.
13. júlí	Akureyri	Við upphitun á löndunarlögn í Krossanesi sprakk rör við krana. Talið að 30 L af hitaolíu hafi farið niður og í sjó.	Leki stöðvaður. Hafnaryfirvöldum var gert viðvart sem komu með ísogspylsur til að hindra útbreiðslu mengunar og ná upp olíu. Sandur var settur undir lögn til að þurrka upp það sem lá á jörðu.
14. ágúst	Vestmannaeyjar	Umhverfisstofnun sendi fyrirspurn á Vestmannaeyjahöfn vegna fréttar um sokkinn bát í Klettsvík (tilkynning barst ekki).	Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra var aðgerðum lokið. Engin mengun.
25. sept.	Stykkishólmur	30 tonna timburbátur (Páll Helgi) sökk í Skipavíkurhöfn, Stykkishólmi. Á vélinni voru um 30 L af smurolíu, 1,5 tonn af dísilolíu og 400 L af glussa.	Lögreglan látin vita sem og eigandi. Líklegt að öll olía hafi farið úr bátnum en engin olíubrák var sjáanleg. Ísogspylsur hafðar til taks. Lögð var fram aðgerðaáætlun um það hvernig báturinn yrði fjarlægður úr höfninni.
16. okt.	Seyðisfjörður	HAUST tilkynnir um olíuleka á Seyðisfirði.	
13. nóv.	Hornafjarðarós	Flutningaskipið Wilson Dublin strandaði í	Höfnin sá um aðgerðir til að losa skipið af strandstað á flóði.

		Hornafjarðarósi. Engin mengun sýnileg.	
28. nóv.	Norðfjörður	Nótaskipið Vilhelm Þorsteinsson strandaði innarlega í Norðfirði.	Skipið var losað af strandstað með aðstoð annarra skipa. Engin tilkynning barst um mengun.

3.3 Tilkynningar um bráðamengun / atvik utan hafnarsvæða

Hvenær	Hvar	Hvað	Aðgerðir/athugasemdir
18.02	NV af Gróttu	LHG fékk tilkynningu um mögulegan mengunarfleck NV af Gróttu.	Við skoðun kom í ljós að um gróður var að ræða.
23.03	Hnit samkvæmt tilkynningu: 63°42N 022°29V	Flugvél LHG varð vör við flekk, um hálfra mílu langan og u.þ.b. 200 m breiðan, sem líktist olíu.	Ekki hægt að tengja flekkinn við mögulegan mengunarvald. Við skoðun á loftmyndum ekki talið líklegt að um olíumengun hafi verið að ræða.
26.05	Hnit samkvæmt tilkynningu: 64°03.615 N 022°06.398 V	Báturinn Jón Magnús bilaði og var hann sóttur af björgunarbát frá Hafnarfirði. Björgunarsveit tilkynnti að um 20 L af olíu hafi farið í sjóinn þegar báturinn bilaði.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
6. júlí	Skammt undan Rifi	Tilkynning barst frá LHG um eld um borð í bát og að hann væri að sökkva skammt undan Rifi. Ef eldsneytistankur fullur þá 300 L af eldsneyti um borð.	Báturinn var dreginn upp í fjöru við Rif og þar tókst að slökkva eldinn.
3. ágúst	Við suðvesturströnd Íslands	Tilkynning barst frá LHG um að flugvél Air Canada hefði losað 11.000 kg af eldsneyti í 6.-8.000 fet hæð til að létta flugvélinu fyrir	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.

		lendingu. Fram kom að Air Canada teldi ólíklegt að eldsneytið hefði farið í sjó þar sem losunin var í mikilli hæð.	
24. okt.	SV af Grindavík	Tilkynning barst frá LHG um fraktskip með eld í vélarrúmi. Skipið á reki um 25 sjómílar SV af Grindavík. Engin olíumengun.	Engar aðgerðir af hálfu Umhverfisstofnunar.
8. nóv.	Ólafsvík	LHG barst tilkynning um hugsanlega mengun við Ólafsvík.	LHG fékk lögreglu til að fara á staðinn. Talið að líktist frekar grút en olíu.
2. des.	Húnaflói	LHG barst ábending frá JRCC Nuuk um hugsanlegan mengunarflökk í Húnaflóa. Mengunin á sama stað og mögulegur mengunarflökkur skv. gervitunglamynd frá EMSA CleanSeaNet.	Flugvél LHG flaug yfir svæðið og sást engin mengun. Hitamyndavél sýndi smá hitabreytingu og skörp hitaskil í sjónum.

3.4 Tilkynningar um strand skipa /báta

Hvenær	Hvar	Atburður	Aðgerðir/athugasemdir
4. júlí	Skagaströnd	Báturinn Bjartur í Vík strandar við Skagaströnd.	Samkvæmt upplýsingar frá sveitarfélaginu voru flotgirðingar settar út. Olía tekin af bátnum áður en hann var hífður á land.
13. júlí	Breiðafjörður	Leki kom að bátnum Villi-Björn og sökk hann í kjölfarið út af Breiðafirði.	Mannbjörg varð en báturinn fannst ekki. Engin merki um olíumengun eða brak úr bátnum. Í flugi LHG yfir svæðið 15. júlí var lítilsháttar mengun á þeim stað þar sem báturinn sökk en ekkert brak sjáanlegt.

3.6 Olíuleki frá El Grillo

Í maí 2022 var farið í aðgerðir til að stöðva olíuleka frá skipinu El Grillo í Seyðisfirði. Aðgerðirnar voru fjármagnaðar af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti en Landhelgisgæsla Íslands var fengin til að sjá um aðgerðirnar sjálfar. Verkið fólst í því að koma í veg fyrir frekari olíuleka frá báðum aðaltönkum nr. 7 í skipinu með því að steypa fyrir mannop í heild sinni og setja rör í steypuna án beinnar snertingar við skrokk flaksins til að koma í veg fyrir frekari tæringu. Það var gert til að hægt yrði að bora í gegn og dæla úr tönkum síðar meir. Auk þessa fjármagnaði ráðuneytið kaup á mengunarvarnabúnaði sem staðsettur verður á Seyðisfirði og hægt verður að grípa til þegar með þarf en olía hefur safnast saman undir göngubrú sem liggur yfir lekasvæðið og getur hún smám saman seitlað upp til yfirborðs. Þar að auki er hætta á frekari tæringu í skipinu.

4. Eftirlit Landhelgisgæslu Íslands og CleanSeaNet

Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með hafsvæðum Íslands, jafnt úr lofti sem af sjó. Ef vart verður við mengun í eftirliti LHG er tilkynnt um hana til Umhverfisstofnunar. Auk þess sér LHG um móttöku á gervitunglamyndum frá Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA) í samræmi við samning LHG og Umhverfisstofnunar þar að lútandi. Gervitunglamyndirnar fást í gegnum CleanSeaNet þjónustu EMSA og eru notaðar til að greina hugsanlega olíumengun innan íslenskrar mengunarlögsögu. Brugðist er við ef eitthvað bendir til að olíumengunar gæti á viðkomandi hafsvæði. Árið 2022 voru tvö tilvik um olíumengun af völdum jarðefnaeldsneytis staðfest innan íslenskrar mengunarlögsögu í kjölfar greininga á gervitunglamyndum. Nánari upplýsingar um CleanSeaNet og eftirlit í íslenskri mengunarlögsögu sem og atvik á sjó og tilkynningar er varða bráðamengun er að finna í skýrslu LHG (Annual Marine Oil Pollution Report for the year 2022) sem er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

5. Æfingar og þjálfun

Aðgerðaáætlun [Umhverfisstofnunar](#), [Landhelgisgæslu Íslands](#) og [Samgöngustofu](#) um viðbrögð við bráðamengun utan hafna og notkun skipaafdrepa er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Áætlunin fjallar um hvernig bregðast á við þegar óhöpp verða á sjó er varða skip í efnahagslögsögu Íslands sem þykja ógna siglingaöryggi eða geta valdið umhverfistjóni. Áætlunin er hugsuð sem sameiginlegt stjórnæki Umhverfisstofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og Samgöngustofu og er ætlað að tryggja fumlaut verklag og framkvæmd viðbragða vegna bráðamengunar og þegar hætta er talin á bráðamengun. Auk þess er aðgerðaáætluninni ætlað að tryggja rétta framkvæmd við notkun

skipaafdrepa sem útnefnd eru af Samgöngustofu. Skipaafdrepp eru annars vegar innan hafna (neyðarhöfn) og hins vegar skjólgóð svæði sem eru tilgreind utan hafna.

Samkvæmt aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir að tvær sameiginlegar æfingar Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar séu haldnar árlega, annars vegar verkleg æfing og hins vegar skrifborðsæfing. Árið 2022 voru þó að beiðni Umhverfisstofnunar haldnar tvær skrifborðsæfingar til að þjálfa nýja starfsmenn í bráðamengunarteymi stofnunarinnar og voru æfingarnar haldnar í maí og október. Verklega mengunarvarnaæfingin var haldin í og við Vestmannaeyjar í byrjun júní í samstarfi við Vestmannaeyjahöfn, Björgunarfélag Vestmannaeyja og heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Samráðsfundir Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar voru haldnir þann 11. janúar og 9. júní 2022.

Í gildi er samningur milli Umhverfisstofnunar og Olíudreifingar um aðstoð ODR í viðbrögðum við bráðamengun og notkun og viðhald mengunarvarnabúnaðar Umhverfisstofnunar. Samkvæmt samningnum er meðal annars gert ráð fyrir þjálfun og æfingum útkallshóps ODR (kjarnahóps) a.m.k. einn dag árlega. Engin mengunarvarnaæfing var haldin árið 2022.

Umhverfisstofnun vinnur samkvæmt svokallaðri innri viðbragðsáætlun ef bregðast þarf við vegna bráðamengunar. Haldin var skrifborðsæfing þann 25. janúar til að reyna á virkni þeirrar áætlunar.

Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar sóttu ráðstefnu um viðbrögð við bráðamengun og sýningu á mengunarvarnabúnaði sem haldin var í Amsterdam (INTERSPILL 2022).

6. Innlent og erlent samstarf

6.1 Mengunarvarnaráð hafna

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal ráðherra að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skipa átta fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna til fjögurra ára í senn. Umhverfisstofnun tilnefnir tvo fulltrúa og er annar þeirra formaður ráðsins. Hafnasamband Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa sem skal vera starfandi heilbrigðisfulltrúi, og Samgöngustofa og Vegagerðin einn fulltrúa hvor. Að auki hafa Landhelgisgæsla Íslands og Almannavarnir verið með áheyrnarfulltrúa í ráðinu.

Hlutverk mengunarvarnaráðs hafna er:

- a. að vera formlegur samstarfsvettvangur Umhverfisstofnunar og hafna um málefni sem varða viðbúnað og viðbrögð við bráðamengun innan hafnarsvæða,

- b. að stuðla að samstarfi og samhæfingu milli hafna um viðbúnað, samræmingu viðbragðsáætlana og viðbragða við bráðamengun,
- c. að gera tillögu til Umhverfisstofnunar um uppbyggingu og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins og
- d. að koma með ábendingar og tillögur um innihald viðbragðsáætlana.

Mengunarvarnaráð hafna hefur starfað frá árinu 2015 þegar fyrst var skipað í ráðið. Einn fundur var haldinn í mengunarvarnaráði hafna í lok árs 2022.

Í mars 2022 var gefin út landsstefna um notkun dreifiefna í íslenskri mengunarlögsögu. Landsstefnan er aðgengileg á heimasíðu Umhverfisstofnunar, bæði í íslenskri og enskri útgáfu.

6.2 Kaupmannahafnarsamkomulagið

Kaupmannahafnarsamkomulagið er samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð við viðbrögðum við mengunaróhöppum á sjó. Umhverfisstofnun sótti aðalfund og fund í vinnuhópi Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2022. Ísland hefur einnig tekið þátt í starfi norræns samstarfshóps lögfræðinga (Ad Hoc Working Group) sem settur var á fót í tengslum við starf Kaupmannahafnarsamkomulagsins árið 2018.

Á vegum Kaupmannahafnarsamkomulagsins eru almennt eru haldnar tvær skrifborðsæfingar á hverju ári þar sem opinberir tengiliðir eru prófaðir.

6.3 EPPR / MOSPA

Árið 2013 gerðu ríki Norðurskautsráðsins með sér samkomulag um viðbrögð gegn bráðamengun vegna olíu, svonefnt *Agreement on Cooperation on Marine Oil Pollution Preparedness and Response in the Arctic* (MOSPA). Framkvæmd samkomulagsins er tengt vinnuhópi á vegum Norðurskautsráðsins sem nefnist EPPR (Emergency Prevention, Preparedness and Response) og vinnur að stefnumörkun er snýr að viðbrögðum við umhverfisslysum.

Venjan hefur verið sú að EPPR vinnuhópurinn hefur árlega haldið tvo fundi. Árið 2022 var þó einungis haldinn einn fundur EPPR þar sem starf á vegum Norðurskautsráðsins var tímabundið stöðvað í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu og þá ekki heimilt að halda opinbera fundi vinnuhópa undir Norðurskautsráðinu.

Mengunarvarnaæfingar á vegum MOSPA hafa almennt verið haldnar á tveggja ára fresti, en árlega farið fram svokölluð tengiliðaprófun (connectivity test) þar sem upplýsingar um opinbera tengiliði eru prófaðar. Engar mengunarvarnaæfingar voru þó haldnar árið 2022 vegna tímabundinnar stöðvunar starfs á vegum Norðurskautsráðsins.